

Ragnar Ísleifur Bragason
Fræði og framkvæmd

Höfundurinn í lífinu

Febrúar 2009
Magnús Þór Þorbergsson

Á meðan maðurinn hefur lifað hefur honum oft fundist nauðsynlegt að í kringum hann sé einhvers konar höfundur. Hvort sem það er einhver æðri vera sem hann leitar til ef eitthvað bjátar á eða hann líti á sjálfan sig sem höfund þá erum við mennirnir í rauninni umkringdir höfundum. Við leitum svara við spurningum sem dynja á okkur varðandi tilveru okkar með því að leita til annarra manna eða þá að við leitum inn á við, inn í okkur sjálf og reynum að finna út úr tilverunni á þann hátt. Hvernig sem við förum að því þá getum við einungis haft stjórn á hluta af lífi okkar. Það er eins og eitthvað annað stjórnir því oft á tíðum. Þegar manni finnst maður hafa komist að einhverju byrjar maður oftast en ekki að efast um sannleika þess og leitar að einhverju öðru í staðinn. Hvers vegna flýgur flugvél? Hvers vegna flýtur skip? Endalausar spurningar okkar mannanna um allt sem flækist með okkur í þessum heimi, allir hlutirnir og ekki síður hinir mennirnir vekja hjá okkur tilfinningar og til að fá botn í þessar tilfinningar leitum við meðal annars fanga hjá öðrum mönnum og því sem þeir hafa skrifað. Til að komast að því hvernig og hvers vegna maðurinn er á einhvern hátt eins og einhvern hátt ekki eins.

Heimspékingurinn Friedrich Wilhelm von Schelling var á því að öll okkar þekking um heiminn byggist miklu fremur á innri veruleika hugarins en ytri veruleika. Það er vinnusemi listamannsins en einnig eitthvað óskiljanlegt og dulvitað sem gerir það að verkum að góð list geti litið dagsins ljós, einhvers konar snilligáfa sem listamenn búa yfir.

Listamaðurinn getur alltaf skýrt verk sitt að hluta en aldrei til hlítar, að dómi Schellings, og tengist það einmitt því hvernig hann stendur með hvorn fótinn í sínum heimi, vitund og dulvitund. Í listinni sér skáldið sig sjálft sem dulvitund að hálfu, og aðeins í listinni getur þetta leitt til fegurðar og samhljóms, en í fræðum birtist þetta hins vegar sem togstreita, segir Schelling. „Grundvallareðli listaverksins er semsé ómeðvitaður óendanleiki.¹

¹ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar síðari alda*, bls. 287.

Þetta er að mínu mati afar áhugaverð kenning. Hann er í raun að segja að það þurfi einhvers konar snilligáfu til að búa til gott listaverk, skáldverk. Það að listamaðurinn sé í einhvers konar tengslum við eitthvað í dulvitundinni gefur til kynna að hann sé öðruvísi en aðrir menn og að hann geti með verkum sínum kallað fram óútskýranlegar en skiljanlegar tilfinningar hjá þeim sem nýtur verksins. Þetta er að sjálfsgöðu mjög rómantísk skoðun og kemur inn á tengsl manns og náttúru. Ef þessi kenning er höfð til viðmiðs er höfundurinn einhvers konar tengiliður milli lesandans og einhvers æðra. Einhvers óútskýranlegs afls sem fer af stað innra með lesandanum, eða áhorfandanum ef um leikrit er að ræða. En í leikhúsi eru auðvitað komnir fleiri milliliðir, leikstjórar, leikarar og aðrir sem að sýningunni koma. Hver er þá höfundurinn? Er það sá sem leikur textann eða þögnina? Eða sá sem leiðbeindi leikaranum? Er um að ræða samspil margra þátta þar sem á endanum höfundarnir eru nokkrir? Og hvert er þá hlutverk þess sem skrifar orðið upphaflega? Þetta eru spurningar sem ég hyggst svara hér á eftir. Ég mun leita fanga í hinum ýmsu kenningum. Ég mun skoða kenningar Michael Foucault um það hvað sé höfundur. Einnig kem ég inn á kenningar Roland Barthes um dauða höfundarins. Ég mun velta fyrir mér stöðu rithöfundarins í leikhúsinu ásamt því sem mínar eigin hugleiðingar um skáldskap og hvernig ég upplifi það að skrifa skipa stóran sess í þessari ritgerð. Mikilvægi leikhússins verður einnig rætt. Ég kem örlítið inn á hugmyndina um snillinginn.

Foucault og höfundurinn

Samkvæmt Michael Foucault markar hugmyndin um höfundinn upphaf einstaklingshyggjunnar, að minnsta kosti í sögu hugmynda, þekkingar og bókmennta. Hann talar um hina djúpstæðu einingu höfundarins og verka hans. Einstaklingshyggjan er að mörgu leyti ráðandi í hinum vestræna heimi. Hér á Íslandi er hún mjög áberandi. Við erum sífellt að spyrja hver sé þessi og hinn og hvað viðkomandi hafi gert. Ef einhver hefur áorkað miklu er hún eða hann dugleg/ur og það skiptir miklu máli að vera duglegur í íslensku samfélagi. Það er ekkert nauðsynlegt að eitthvað sé varið í verkin en ef vinnan á bakvið þau er mikil þá virðir fólk höfundinn og hans miklu vinnu. Það er auðvitað ekki verra að verkið sé gott en það er að mér virðist alls ekki nauðsynlegt.

Einnig er áhugavert þegar Foucault talar um það hvenær einhver verði höfundur. Hann tekur höfundinn Marquis de Sade, sem orðið sadismi er dregið af, sem dæmi.

Hvað á að kalla pappíra sem Sade skildi eftir sig áður en hann varð höfundur? Eru þeir aðeins pappírscrollur sem hann festi á endalausar ímyndanir sínar meðan hann sat í fangelsinu?

En segjum að um höfund sé að ræða. Á þá allt sem hann skrifar eða segir, allt sem hann lætur eftir sig, að teljast til verka hans? Þetta er í senn fræðilegt og tæknilegt vandamál. Ef við ætlum til dæmis að gefa út verk Nietzsches, hvar drögum við þá mörkin? Það á að gefa allt út að sjálfsögðu, en hvað meinum við með orðinu „allt“? Allt sem Nietzsche sjálfur gaf út auðvitað. Uppköst að verkum hans? Auðvitað.²

Ég er þeirrar skoðunar að mun fleiri en bara þeir sem fást við skriftir séu rithöfundar. Við erum öll höfundar og þeir sem skrifa þurfa ekkert endilega að vera þekktir fyrir ritstörf til að kallast höfundar. Höfundurinn hefur verið settur á full háan hest að mínu mati.

² Foucault: *Alsæi, vald og þekking*, bls. 74-75.

Höfundar þykja gáfaðari en hinir og talið er að þeir viti meira. Schelling kemur inn á þetta í sínum skrifum og segir að snillingurinn sé í tengslum við eitthvað æðra og stærra. Má í raun segja að hann telji góðan höfund vera í beinum tengslum við almættið og þar af leiðandi skapar hann verk sem ekki er hægt að skilja til fullnustu heldur vekur það hjá okkur tilfinningar sem við getum ekki útskýrt og eigum í raun ekki að geta það. Mér finnst gott þegar ég get ekki útskýrt það sem ég upplifi. Mér finnst svarið „af því bara“ oft eiga einna best við þegar ég sé eða les eitthvað fallegt. Þá er ég í raun að segja að ég skilji ekki en viti samt. Það er nefnilega ekki það sama að skilja og vita. Þegar maður skilur eitthvað þá býr maður yfir einhvers konar vitneskju um það hvernig tilfinningar hrærast inni í manni þegar maður upplifir það. Maður fyllist gleði og von um að heimurinn sé ef til vill og þrátt fyrir allt í lagi. Að minnsta kosti ef upplifunin er góð. Ef maður skilur að eitthvað sé slæmt þá líður manni kannski ekki eins vel en samt betur af því maður skilur. Við erum alltaf að reyna að skilja heiminn sem við búum í og þegar sá skilningur eykst á einhvern hátt finnst manni maður hafa tilgang.

Þegar maður veit eitthvað er annað uppi á teningnum. Allt önnur tilfinning. Þá bara veit maður og þar við situr. Það er mun minna tilfinningalegs eðlis að vita eitthvað. Maður fær ekki þennan fiðring í magann þegar maður veit eitthvað. „Í listinni sér skáldið sig sjálft sem dulvitund að hálfu, og aðeins í listinni getur þetta leitt til fegurðar og samhljóms, en í fræðum birtist þetta hins vegar sem togstreita”.³ Þannig kemst Schelling að orði. Mér þykir þetta mjög athyglisverð kenning. Í mínu tilfelli hafa fræði sem fjalla um listir oftast en ekki valdið mér hugarangri og vandræðagangi í hugsun. Þegar maður hins vegar les fallegan texta eða upplifir list á góðan hátt er eins og skipulag komist á allt. Allan heiminn og manns eigin hugsanir. Allt líf manns og tilvera öðlast tilgang og manni finnst þetta þess virði, það er að segja lífið og allt það brölt sem því fylgir. Og þótt maður hafi kannski átt erfiðan dag þá lítur þetta allt saman bara ljómandi vel út.

³ Árni Sigurjónsson: *Bókmenntakenningar síðari alda*, bls. 287.

Hvað gerir höfundurinn?

Þessi spurning hefur leitað mikið á mig upp á síðkastið. Hvernig fer einhver að því að skrifa eitthvað sem aðrir geta ekki skrifað? Eða getum við öll skrifað á sama hátt en bara sumir gera það? Við mennirnir erum mismunandi að stærð og gerð, bæði að innan- og utanverðu. Margir segja það vera einn af helstu kostum þessa heims. Ef við værum öll eins yrði tilveran fremur litlaus og alltaf eins. Það sem höfundar gera er að benda öðrum á heiminn eins og þeir sjá hann, á sinn hátt. Og það sem þeir vona er að aðrir tengi við það á einhvern máta þannig að þeir sem lesa skilji textann og fái á tilfinninguna að það sé einhver önnur manneskja þarna úti sem sé á einhvern hátt eins og hún. Það er áhugvert að velta fyrir sér hvers við leitum þegar við lesum. Ég ímynda mér alltaf hvar viðkomandi höfundur var staddur þegar hann skrifaði textann. Hvers vegna þessi texti en ekki einhver annar? Ræðst það ef til vill af auknablikinu þegar textinn var skrifaður hvernig hann er túlkaður?

Höfundur er manneskja og þess vegna getur hann einungis skrifað um mannlega hluti eða að minnsta kosti hans upplifanir á heiminum, öðrum manneskjum og heiminum sem við lifum í. Það er mjög erfitt að festa hendur á það hvað höfundar gera þegar þeir eru ekki að skrifa en samt að vinna að einhverju í hausnum. Hvernig fá þeir hugmyndirnar? Með því að horfa í kringum sig býst ég við. Þegar ég skrifa þá horfi ég í kringum mig og skrifa það sem ég sé. Munurinn á því sem ég skrifa og einhver annar um sama hlutinn er mín upplifun og hvernig tilfinningar hrærast um í mér þegar ég upplifi þetta ákveðna auknablik og aðstæðurnar sem því fylgja. Ég mundi ekki segja að ég ætti það sem ég skrifa. Ég lít á mig sem verkfæri og eigendurnir eru þau sem lesa. Innblásturinn eða það sem veitti mér innblástur á líka sinn hluta í skrifunum því án þess hefði textinn aldrei orðið til. Það er semsagt mín skoðun að höfundurinn noti heiminn til að tjá sig um hann. Umhverfi skiptir því mjög miklu máli. Því af því ræðst hvað skrifað er. Hvernig, er svo undir höfundinum komið og hvernig það er túlkað er undir lesandanum komið.

The reader has never been the concern of classical criticism; for it, there is no other man in literature but the one who writes. We are now beginning to be the dupes no longer of such antiphrases, by which our society proudly champions precisely what it dismisses, ignores, smothers or destroys; we know that to restore to writing its future, we must reverse its myth: the birth of the reader must be ransomed by the death of the Author.⁴

Þetta eru lokaorð greinarinnar *The Death of the Author* eftir Roland Barthes. Hann heldur því fram að til þess að lesandinn geti fæðst verði það að hafa í för með sér að höfundurinn láti lífið. Þetta er að mörgu leyti áhugaverð og í rauninni mjög falleg hugsun. Að mínu mati felur hún í sér að allir verði jafnir, höfundar og lesendur og að höfundurinn sé ekki að neinu leyti æðri en lesandi sinn. Ég er á því að höfundar og lesendur verði báðir að lifa saman. Annar getur ekki verið án hins. Mér finnst fulllangt gengið að segja að höfundurinn sá látinn, ég vona að minnsta kosti ekki. Ég er miklu frekar á því að allir séu höfundar og lesendur á sama tíma. Þegar við lesum erum við að sjálfsögðu að semja okkar túlkanir á textanum og það hvernig við upplifum hann hefur í för með sér nýja sögu. Þannig að í hvert sinn sem eitthvað er lesið öðlast það nýtt líf og er þar af leiðandi sýbreytilegt eins og heimurinn allur. Eitthvað nýtt skapast í hvert sinn sem einhver les eitthvað. Er það ekki makalaust?

Þannig að mér finnst Barthes ganga of langt að halda því fram að höfundurinn sé látinn. En á móti kemur að það þarf að halda fram dramatískum hlutum til að eitthvað breytist. Þessi fullyrðing hans fékk mig til að hugsa um þetta. Og ég komst að þeirri niðurstöðu að við erum öll höfundar. Við erum alltaf að semja eitthvað þegar við hugsum og það gerum við sífellt.

Við getum ekki hætt að hugsa þótt við reynum það ítrekað með hinum ýmsu aðferðum, eiturlyfjum, jóga, hugleiðslu og svo framvegis. Við erum alltaf að reyna að ná tengingu við heiminn og verða aftur eins við vorum fyrsta árið okkar í þessum heimi. En við náum því að hluta til með því að lesa eða hlýða á texta eftir aðra. Þannig náum við

⁴ Howard: „*The Death of the Author*”.

tengingu við aðra mannveru og okkur er hleypt inn í hugarheim hennar, leyft að túlka á okkar hátt í gegnum okkar hugarheim.

Í leikhúsinu

Fólk skrifar leikrit. Fólk les leikrit. Fólk hlustar á leikrit og horfir á leikrit. Ég vona að mínir textar muni rata á svið og verði fluttir af leikurum. Þeir sem að leikritinu koma eru ýmsir. Leikstjóri, leikmyndahönnuður, tæknifólk og síðan þau sem flytja textann. Þarna eru komnir ansi margir milliliðir frá því að ég skrifaði textann. Ansi margir sem hafa áhrif á það hvernig áhorfendur upplifa textann minn. Hver er þá höfundurinn? Þarna eru að mínu mati margir höfundar á ferðinni. Textinn minn er bara innblástur fyrir allt hitt fólkið sem vinnur að sýningunni til að koma einhverju sem þau vilja til skila. Eitthvað sem þau langar til að sýna heiminum með þessum tiltekna texta. Svo er auðvitað ekkert alltaf texti í leikritum en oftast er það nú tilfellið samt. En er einhver af þeim sem að leiksýningunni koma meira höfundurinn af hinni endanlegu útkomu en annar? Að mínu mati ekki. En kannski hef ég sem skrifa textann mest að segja um það hver útkoman verður af því að ég á hugmyndina að verkinu. En það er svo algjörlega úr mínum höndum hvernig áhorfendur upplifa textann. Til þess eru milliliðirnir of margir og mismunandi.

Það er semsagt ekki hægt að tala bara um einn höfund í leikhúsinu en einhver verður nú samt að vera skráður sem höfundur verksins og það er venjulega sá sem skrifar textann. Það er orðið æ algengara að leikhópar semji leikrit saman. Að fólk komi saman og ræði sínar upplifanir á einhverju ákveðnu málefni og búi til leikverk í kringum það. Það þarf semsagt ekkert að vera skrifað handrit í upphafi. En gagnlegt er að hafa einhverja hugmynd um hvað á að fjalla í upphafi. Annars er ólíklegt að eitthvað gagnlegt komi út úr sýningunni. Fólkið sem að sýningunni kemur þarf að vera sammála um hverju það vill koma á framfæri. Og hvers vegna það er að fjalla um þetta ákveðna efni en ekki eitthvað annað. Að mínu mati tel ég að leikrit þurfi að vera einhvers konar samtal við þann heim sem við búum í og þá tíma sem við lifum á.

Nafn höfundarins markar einstaklingnum ekki borgaralega stöðu né er það skáldskapur verksins, heldur stendur það í rofinu þar sem aðrir hópar orðræðna og sérlegir veruhættir þeirra verða til. [...] Af þessum sökum má segja að í siðmenningu eins og okkar sé aðeins ákveðnum fjölda orðræðna léð virkni „höfundar“ en öðrum ekki. Einkabréf inniheldur kannski undirskrift en ekki höfund; samningur hefur kannski ábyrgðarmann en það er ekki höfundur. Nafnlausan texta sem lesa má á vegg hefur einhver skrifað en það er ekki höfundur. Virkni höfundarins einkennist þannig af veruhætti, útbreiðslu og hlutverki tiltekinnar orðræðu í samfélaginu.⁵

Þarna segir Foucault að orðræðan sé ekki heildstætt kerfi tungumálsins heldur sundurlaust. Hann telur að höfundurinn sé brotakenndur. Ég tengi þessa málsgrein við höfundinn í leikhúsinu á þann hátt að þar eru margir brotakenndir þættir sem koma saman og mynda heild sem er að segja eitthvað, ber einhvern boðskap. Það verður að vera tilgangur með því að sýna eitthvað. Hver er þá munurinn á því að horfa á leikrit og lesa texta af blaði? Eru þeir sem njóta texta í leikhúsi jafn miklir höfundar og þegar þeir sitja heima hjá sér og lesa? Aðstæðurnar eru vissulega ólíkar og hafa töluvert að segja að mínu mati.

Þegar maður er einn heima hjá sér hlýtur maður að upplifa hlutina öðruvísi en þegar maður er umkringdur fólki sem maður þekkir ekki og nýtur sýningar með því. Þegar margar manneskjur koma saman í sal og horfa á sömu sýninguna hlýtur eitthvað magnað að gerast innra með fólkinu og í kringum það. Ég held að það sé okkur lífsnauðsynlegt á þeim tímum sem við lifum að njóta sýninga með öðrum. Það myndast orka sem við kannski tökum ekki beint eftir en finnum fyrir henni. Og þótt við séum mismunandi eins og við erum mörg þá erum við þegar við förum í leikhús saman að upplifa. Það er gaman að velta fyrir sér hvaða áhrif leikhúsformið hefur á texta.

⁵ Foucault: *Alsæi, vald og þekking*, bls. 79-80.

Veistu, ég held að enn þann dag í dag sé fólk í ráðandi stöðum við leikhús, og hefur ekki gert sér grein fyrir hve sviðskústin er erfið, hver vísindin á bak við eru margþætt. Leikhús er erfitt. Það er svo sannarlega ekki fyrir fúskara að fást við það ef árangur á að nást. Ég ræði ævinlega hverja einustu senu við dramaturginn, skrifa um og skrifa aftur og skrifa aftur. Ég umskrifa flestar senur fimm, sex sinnum. Og það hefur komið fyrir að ég hef breytt verki eftir frumsýningu. Þegar komin er leikhúsreynsla á textann, þá þarf stundum að breyta.⁶

Þannig kemst tékknesk-sænska leikskáldið Peter Weiss að orði í viðtali við Gunnar Gunnarsson árið 1980. Þarna lýsir hann mikilvægi samvinnunnar í leikhúsinu og segir í raun að textinn í leikhúsinu sé sífellt að breytast. Þótt að leikskáld komi til starfa í leikhúsinu með skrifað verk þá sé það alltaf að umskrifa eftir vinnu með dramaturg. Hann gengur meira að segja svo langt að segjast hafa breytt verki eftir frumsýningu. Orðið „leikhúsreynsla“ er áhugavert. Það er nefnilega svo merkilegt að texti breytist þegar hann er fluttur á sviðinu. Ég býst við að það sé að hluta til vegna þess að þá er hann úr höndum hins eiginlega höfundar og kominn í hendurnar á öllum hinum, þeim sem að sýningunni standa, leikstjóra, tæknifólki, leikurum og svo framvegis. Höfundarnir eru orðnir fleiri og allir hafa sitt að segja varðandi það hvernig textanum er komið á framfæri. Þar af leiðandi eru fleiri hliðar á honum og fleiri tegundir manneskja geta notið hans á sínum forsendum, búið til sína upplifun á honum.

Það er mikilvægt að umskrifa hluti. Oftar en ekki hefur mér þótt það asnalegt og óþarfi og haldið að það muni eyðileggja hið frjálsa flæði sem átti sér stað þegar textinn var skrifaður upprunalega. Ég er samt að komast meira og meira á þá skoðun að textar séu til þess að þróa og ef maður gerir það ekki þá verður stífla og ekkert gerist. Það er textum nauðsynlegt að breytast og þróast og í raun og veru er það vanvirðing við textann að leyfa honum ekki að breytast og láta hann bara vera alltaf eins. Sérstaklega þarf maður að vera opinn fyrir því að þróa texta þegar unnið er í leikhúsinu því þar eru möguleikarnir endalausir. Leikhúsið er þannig form að það tekur stanslausum breytingum, það er síbreytilegt. Þar spilar stórt hlutverk þetta „live element“ sem er í gangi þar. Leikverk er í

⁶ Gunnar Gunnarsson: „Höfundurinn og leikhúsið“, bls. 390.

raun að taka á sig nýjar myndir í hvert sinn sem það er sýnt. Eitt orð getur haft svo mikið að segja í leikhúsinu og það er ekkert nema gefandi að þróa textann sinn í samvinnu við annað fólk.

Ég skrifaði mín fyrstu leikrit á sænsku og einnig fyrstu skáldsögunnar. Ég gerði það vegna þess að eftir stríðið vildi ég ekki vita af þýsku og Þýskalandi. Síðan, eftir að ég ákvað að byrja aftur að skrifa á þýsku, þá tók það mig allan sjötta áratuginn að vinna mig aftur heim til þýskunnar, ná henni á mitt vald sem vinnumáli.⁷

Ég dvaldi í Finnlandi síðastliðna önn og var að skrifa leikrit undir handleiðslu finnsks leikritaskálds sem var ákaflega gagnlegt og gefandi ferli. Ég gat að sjálfsögðu ekki látið hana fá texta á íslensku þannig að ég byrjaði á því að skrifa senurnar á íslensku og þýddi þær síðan yfir á ensku. Ég tók eftir því að þegar þær voru leiklesnar á ensku var eins og merkingin hefði glatast. Ég var með íslenska textann til hliðsjónar og þurfti oft en ekki að útskýra fyrir kennaranum mínum að þetta hljómaði rétt á íslensku en væri dálítið skrýtið á ensku. Henni fannst oft eins og setningarnar væru úr lausu lofti gripnar og átti oft á tíðum erfitt með að sjá heildarmyndina. Þótt ástæðurnar fyrir því að ég notaðist við ensku séu ekki þær sömu og þegar Peter Weiss var að skrifa á sænsku þá tengdi ég þessi orð hans við tilfinninguna sem ég hafði þegar ég þurfti að skrifa á öðru tungumáli en móðurmálinu mínu. Maður hefur svo allt öðruvísi vald á móðurmálinu en öðrum málum. Á því getur maður tjáð sig á miklu víðtækari hátt, notast við færri orð til að lýsa hlutum, lýst þeim hnitmiðaðar.

Ég lenti oft í að þurfa hreinlega að lýsa því orð fyrir orð hvernig blæbrigðin í íslenska tungumálinu lýstu tilfinningum persónanna vegna þess að það var ekki að skila sér á enskunni. Þetta var mjög lærdómsríkt fyrir mig og þótt undarlegt megi virðast þá lærði ég mjög mikið um íslenska tungu og þegar með því að útskýra hana á ensku fyrir öðrum. Ég held að sú staðreynd að þetta var leiktexti sem ég skrifaði í Finnlandi hafi haft það í för með sér að fólk krafðist svona mikils skilnings á honum. Ég er á því að við

⁷ Gunnar Gunnarsson: „Höfundurinn og leikhúsið”, bls. 393.

gerum meiri kröfur til að skilja leiktexta heldur en bókartexta vegna þess að við tengjum betur við leiktextann. Þar eru persónur fyrir framan okkur að fara með textann, manneskjur eins og við.

Mikilvægi leikhússins

Ég fæ ekki betur séð en samskipti manneskja hafa breyst mikið og hratt undanfarin ár. Núna getum við talað við fólk og séð það í gegnum tölvu. Við getum fundið fyrir einhvers konar nálægð við manneskju þótt hún sé mörg þúsund kílómetra í burtu. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvernig komandi kynslóðir munu upplifa nálægð. Þeim mun ef til vill finnast þær vera á sama stað og einhver annar þótt að viðkomandi sé bara í tölvunni. Ég upplifði það um daginn að tala við lítinn strák í gegnum Skype. Þegar ég ætlaði að kveðja hann varð hann mjög leiður vegna þess að hann hélt að ég væri hjá honum og væri að fara. Samt var ég bara mynd á tölvuskjánum hans, mynd sem hreyfðist og heyrðist í. Svo margir hlutir eru að verða ósýnilegir í heiminum, til dæmis peningar. Við millifærum bara upphæðir og borgum með kortum.

Leikhúsið á að mínu mati eftir að verða enn mikilvægara en það er núna. Því þar getum við upplifað saman og séð fólk beint fyrir framan okkur gera eitthvað á því auknabliki. Og við erum líka þátttakendur í auknablikinu. Og þar með verðum við höfundar saman, þeir sem flytja verkið og standa að því og þeir sem horfa á. Það er mín skoðun að þeir sem horfi á leiksýningu séu engu minni höfundar en þeir sem lesi bók. Eins og áður sagði eru fleiri milliliðir í leikhúsinu en það gerir áhorfendur ekkert að minni höfundum. Þeir upplifa og túlka alveg jafn mikið. Þegar ég horfi á leiksýningu fer hugur minn á miklu meira flug en þegar ég les bók því þá eru fleiri skilningarvit að störfum. Þar af leiðandi mundi ég segja að þegar ég horfi á leiksýningu hafi ég fleiri tækifæri til að vera höfundar hennar. Ímyndunarafl áhorfanda eða lesanda ræður því hver endanlega útkoman verður.

Það er mögnuð tilfinning að sitja í sal með fólki og horfa á eitthvað með þeim. Það myndast einhver mjög mögnuð spenna þegar ljósinn í salnum eru slökkt og maður bíður eftir því að eitthvað gerist. Þá eru allir saman og maður getur komist í örlitla snertingu við það að sameinast öðrum mannverum. Því það eru allir að bíða eftir því að

eitthvað gerist en líka að hugsa mismundandi hugsanir. Hvað er að gerast þarna? Þarna eru í rauninni að verða til fullt af verkum. Það eru allir að gera sér í hugarlund hvað muni gerast næst og láta hugann reika. Og svo gerist eitthvað og þá eru teknir við höfundar verksins. Þeir matreiða fyrir þau sem horfa en þau búa til önnur verk inni í hausnum á sér og segja kannski engum frá þeim þannig að þau eru bara inni í hausunum á áhorfendum og gleymast kannski. En sú synd.

Leikhúsið skipar sérstöðu hvað varðar sameininguna hjá fólkinu sem horfir á en það sameinar líka svo margar ólíkar manneskjur í því að skapa eitthvað. Allir verða að vinna saman að sömu sýningunni og í þannig vinnuferli geta komið upp ágreiningar. Að vinna í leikhúsi er að mínu mati mjög góð æfing fyrir egóið. Þar þarf maður oft að láta eigið egó víkja og það er hræðilegt í vinnuferli ef einhver lætur stjórnast af eigin egó og finnst sínar hugmyndir þær einu réttu. Það verður að vera vilji hjá öllum til að hlusta á alla. Maður verður að hafa trú á því sem er verið að vinna með og vera viss um að aðrir geti vitað meira en maður sjálfur.

Það hefur verið vandamál hjá mér að hafa of mikla trú á mínum skrifum og ég hef verið hræddur við að útskýra þau fyrir öðrum því ég tel að það muni skaða þau á einhvern hátt. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það þurfi ekki að útskýra alla hluti, þeir skýri sig bara sjálfir og að það verði að vera fullkomið frelsi fyrir áhorfandann að túlka sjálfur út frá sínum tilfinningum. Í seinni tíð hef ég komist að því að það er ekkert endilega alslæmt að útskýra og fræðast um hlutina. Það eykur manns eigin skilning og getur þar af leiðandi einungis hjálpað til við að gera verkið skýrara.

Ef verk eru skýr og fólk veit hvað það er að sjá þá tengir það við þau og tengir þá meira við höfund verksins um leið. Þannig myndast viss tegundar sameindar í heiminum sem er svo sannarlega jákvætt. Ímyndunaraflið fær meira pláss til að leika lausum hala og áhorfendur fá meira út úr verkinu fyrir vikið. Ef allt er óskýrt og margræðið fæst engin niðurstaða og áhorfendur fara heim til sín litlu ríkari og í raun og veru bara ennþá ringlaðari en þeir voru. Það er trú mín að leikhúsið geti hjálpað okkur að skilja okkar dýpstu tilfinningar og hjálpað okkur að leysa úr okkar erfiðustu flækjum. Það er ekki síst vegna þess að það gerist á staðnum, „live”. Leikhúsformið býður upp á endalaus möguleika til að sýna mannlega tilveru í öllu sínu veldi og mun í framtíðinni verða eitthvað það mikilvægasta sem við eigum og mönnum lífsnauðsynlegt.

Pörf höfundarins

And it was only the book.... I sat there for about a year and a half hoping to finish it. And the relationship was that I couldn't finish it until I resolved a few things. I mean I despise pure exposition, just putting down the details—"On October fourth I did this, then that happened"—I can't stand doing that. I can't sit down and do that. There are writers who can do that, reporters who can do that very well. I'd rather have my teeth drilled. So I had to find a way to write it and reasons to write it that were interesting to me and hopefully worth your time.⁸

Þannig kemst hinn lífsreynði rithöfundur Lee Stringer að orði þegar hann er spurður um samband þess að lifa og þörf okkar til að skilja lífið. Hann kemur með mjög áhugaverðan punkt varðandi það að skrifa. Að honum verði að þykja ástæðurnar fyrir því að hann skrifi áhugaverðar og að þær séu ekki sóun á tíma þess sem les. Þarna er að mínu viti á ferðinni ansi góð samsetning. Það væri óskandi að maður gæti alltaf skrifað svona texta, þá væru allir sáttir, höfundurinn og njótendurnir sem eru á sinn hátt líka höfundar. Hann getur auðvitað bara vonað hið síðarnefnda þar sem hann veit ekki hverjir munu njóta textanna hans og það sem skiptir líka máli, hvenær textarnir verða lesnir. Ég held nefnilega að það skipti töluverðu máli hvenær og í hvernig hugarástandi við erum þegar við lesum. Stringer segist ekki geta hugsað sér að skrifa eintómar staðreyndir niður á blað, að þetta hafi gerst, því næst þetta og svo framvegis. Ég held að það sé alveg hægt að njóta þannig texta. Texta sem fjallar bara um staðreyndir og þegar fólk les þannig þá hafi það í raun meira svigrúm til að túlka viðkomandi texta á sinn hátt. En sumir skrifa þannig og aðrir ekki.

Mér finnst mjög mikilvægt að skrifa texta sem fólk skilur og tengir við. Samt má hann ekki vera fyrirsjáanlegur, það verður að vera einhver undirtónn sem er sýnilegur en óútskýranlegur. Það er þörf mín sem höfundur að fólk skilji það sem ég skrifa en að ég

⁸ Vonnegut og Stringer: *Like Shaking Hands With God*, bls. 38-39.

skilji það líka og geti útskýrt textann fyrir fólki ef það skilur hann ekki. Komið því í skilning um það hvers vegna ég var knúinn til að skrifa þetta og hvaða tilgangi mér þyki hann eiga að þjóna. Mér finnst mjög mikilvægt að höfundar geti útskýrt vel hvað þeir eru að meina með skrifum sínum án þess að flækja málin. Mér finnst nauðsynlegt að fólk skilji hvert annað og tel það vera eitt það mikilvægasta svo mannleg tilvera geti þrífist. Það er í raun og veru ótrúlegt að við skulum geta búið í húsi með öðrum mannverum eins ólíkar þarfir og við höfum. Það er alveg magnað að ekki skuli sífelld rifrildi eiga sér stað milli mannanna.

Við höfum mótað með okkur reglur um hvernig eigi að lifa og hegða sér innan samfélags og í félagsskap við aðra menn. Þessar reglur hjálpa okkur að lifa af en ég held að það sé líka annað sem aðstoðar okkar. Okkar sameiginlega þörf til að upplifa það sem aðrir gera. Þetta gerum við meðal annars með því að lesa texta sem aðrir hafa skrifað. En við getum ómögulega upplifað það sem aðrir skrifa nema með því að leggja okkar eigin merkingu í það og það gerir okkur öll að höfundum þeirra texta sem við lesum.

Þörfin til að skapa er okkur nauðsynleg. Við sköpum mismunandi hluti, sumir skapa texta og aðrir skapa föt svo dæmi sé tekið. En hin mikla þörf mannskepnunnar til að skapa er grundvöllur þess að hún er til. Við erum sífellt að reyna að bæta líf okkar og finnum okkur ýmislegt til dundurs til að gera tilveruna bærilegri. Erum við í grunninn óhamingjusöm og höldum okkur uppteknum til að vera það ekki? Ég mundi nú kannski ekki ganga alveg svo langt að segja að við séum óhamingjusamar verur en við erum stanslaust að reyna að gleðja hvert annað. Ég hef komist að því að mitt hlutverk hér á jörðinni sé að skrifa texta svo fólki líði betur. Að skrifa skiljanlega texta sem fær fólk til að velta fyrir sér tilverunni og hversdeginum.

Ég vil skrifa um hversdagslega hluti. Aðstæður sem við lendum öll í í okkar daglega lífi en um leið benda á eitthvað nýtt svo fólk líti á daglega lífið sem eitthvað sem varið er í. Það er svo algengt að fólki finnist það ekki þjóna neinum tilgangi og aldrei gera neitt sem skiptir máli. Ég er mótfallinn því að fólk hugsí svona og vil með skrifum mínum leggja mitt af mörkum til að fleiri menn verði sáttir við líf sitt og tilveru og finnist hún vera að gerast af einhverjum ástæðum. Því við erum öll hluti af heild og heildin virkar ekki nema við vinnum öll saman og leggjum mismunandi hluti af mörkum.

Lokaorð

Rithöfundurinn ég hef hér að ofan reynt að skýra skoðun mína á hlutverki höfundarins í samfélaginu. Mér hefur þótt afar gagnlegt og upplýsandi að kynna mér mismunandi kenningar fólks um höfundinn. Kenningar Foucault um það hvenær einhver verði höfundur þykja mér áhugaverðar. Hvað er það sem gerir það að verkum að einhver verður allt í einu höfundur? Ég hef velt þessu mikið fyrir mér. Einhver þykir vera höfundur ef viðkomandi hefur gefið út bók og hún er til sölu í bókabúðum. Ef þú ert á starfslaunum hlýtur þú að teljast rithöfundur. Mér finnst mjög mikilvægt að allir séu höfundar og tel það vera eina af meginstoðum mannglegrar tilveru. Ég held að við séum öll á okkar eigin hátt höfundar, við bara stundum það ekki öll jafnmikið. Það er mín skoðun að innra með hverjum manni búi tjáningarþörf sem gagnlegt er að leysa úr læðingi. Mig langar til að gera það að einu af mínum verkefnum hér á jörðinni að hjálpa fólki að finna höfundinn í sér því þá verðum við hamingjusamari. Barthes hélt því fram að það væri tungumálið sem talaði en ekki höfundurinn sjálfur. Og að maður þyrfti ekki að horfa til þess sem skrifar textann til að hann öðlist merkingu heldur sé tungumálið, orðin sjálf, nógu ríkt af merkingu til að túlkun geti átt sér stað. Þetta er að mörgu leyti mjög áhugaverð hugleiðing hjá Barthes en að mínu mati er nauðsynlegt að það sé einhver ákveðin manneskja sem skrifar textann sem við lesum. Af því við erum svo ólík.

Við erum öll einstök og öðruvísi en allir aðrir en það er trú mín að með því að skrifa og lesa og spjalla um texta getum við náð að komast nær því að kynnast. Það hvernig við túlkum texta getur verið vísbending um hvernig við erum, hugsum og sjáum fyrir okkur veröldina. Þess vegna er svo nauðsynlegt að við séum öll höfundar saman, með okkar sérkenni og eigin hugmyndir um textana sem við rekumst á á lífsleiðinni. Það er þörf okkar sem manneskja að tjá okkur um lífið og tilveruna eins og við sjáum hana en við þurfum líka að geta hlustað á annað fólk til að þróast. Ég hef í mínum skrifum oftast ekki lent í því að vilja ekki hlusta á ábendingar annarra og haldið að minn texti eigi bara að vera svona og ekki á neinn hátt öðruvísi. Eftir að hafa kynnt mér sögu höfundarins og það hvernig litið hefur verið á hann í gegnum tíðina er ég æ meir að komast að því að það er nauðsynlegt að fá ráðleggingar hjá öðrum. Annars festist maður

og kemst ekki áfram og það er svo nauðsynlegt að komast áfram, ekki vera á sama stað alla tíð.

Það er okkur mönnum nauðsynlegt að skilja líf okkar og tilveru. Við erum sífellt að reyna að fá botn í það hvers vegna við séum hérna og hvaða tilgangi það þjóni. Með því að skrifa og lesa komumst við nær því að skilja lífið og það er ekki síst með því að lesa það sem aðrir menn skrifa sem við getum lært og komist nær því að fá botn í lífið. Þegar ég les góðan texta sem snertir við mér og ég tengi við finnst mér eins og lífið hafi eftir allt saman tilgang og ég kemst nær því að finna fyrir honum. Það er svo unaðslegt að tengjast annarri mannveru með því að lesa með henni eða horfa á einhvern fara með texta á leiksviði og finna fyrir samkennd með persónunni. Ég tala nú ekki um þegar þú finnur fyrir tengingu við hitt fólkið í salnum á sama tíma.

Í leit minni að höfundinum hef ég komist að ýmsu varðandi mig sem höfund. Ég hef áttað mig meira á því að ég er ekki sá eini sem á að njóta og skilja það sem ég skrifa, aðrir verða að geta skilið það og tengt við það svo það þjóni einhverjum tilgangi. Ég vil leggja mitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað en hann er. Ég vil vinna í leikhúsinu og hef óbilandi trú á leikhúsforminu sem samskiptatæki. Það getur miðlað texta á lifandi hátt og margar manneskjur vinna saman að því markmiði að sýna öðrum manneskjum manneskjulega hluti. Höfundurinn lifir sem aldrei fyrr og þörfin á honum er gríðarleg nú á dögum. Við þurfum á höfundum að halda til að skilja heiminn sem verður sífellt flóknari. Höfundarnir eru margs konar og munu halda áfram að þróast. Vonandi þróast ég áfram og get með skrifum mínum aðstoðað heiminn í að verða enn betri en hann er. Ég vona að ég nái betri tókum á mínum stíl svo hann verði enn skiljanlegri því eins og áður hefur komið fram finnst mér að textinn minn eigi að vera skiljanlegur mönnum ásamt því að innihalda eitthvað ósnertanlegt og óútskýranlegt. Einhvern undirtón.

Heimildaskrá:

Árni Sigurjónsson. 1995. *Bókmenntakenningar síðari alda*. Heimskringla, Reykjavík.

Barthes, Roland. [Án árs]. „The Death of the Author.” Vefslóð:
<http://www.ubu.com/aspen/aspen5and6/threeEssays.html#barthes>

Bogen, Nancy. 1998. *How to Write Poetry*. 3. útg. Macmillan, New York.

Foucault, Michael. 2005. *Alsæi, vald og þekking*. Ritstj. Garðar Baldvinsson.
Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Gunnar Gunnarsson. 1980. „Höfundurinn og leikhúsið. Viðtal við Peter Weiss.” *Tímarit
Máls og menningar*. 387-393.

Mccafferey, Michael. 1993. *Directing a Play*. Phaidon Press Limited, London.

Stringer, Lee, og Kurt Vonnegut. 1999. *Like Shaking Hands with God, a Conversation
about Writing*. Pocket books, New York.